



Forvarnir

**kynning fyrir mannréttinda-
og ofbeldisvarnarráð
14.11.2024**

Guðrún Halla Jónsdóttir, forvarnarfulltrúi Reykjavíkurborgar



Hvað virkar í forvörnum?

- Heildrænar forvarnir ss almenn velferð, gæða skólastarf, frístundastarf ...
- Aðstoða börn við að ná árangri, líða vel, tilheyra, nýta tækifærin, ná utan um foreldra sem þurfa stuðning
- Bregðast við áföllum
- Grípa fyrir inn í - farsæld
- Fræðsla er ekki alltaf besta forvörnin fyrir börnin sjálf (þe einhliða upplýsingamiðlun er ekki að skila eins miklum árangri) – sum nálgun er skaðleg – annað ristir grunnt – það er kennslan sem virkar
- Að kenna félags- og tilfinningafærni er ein besta almenna forvörnin
- Foreldrasamstarf
- Samstarf þeirra sem vinna með börnum og unglingum
- Áhersla á rannsóknir, nota þær til að gera áætlanir, velja áherslur og mæla árangur



Árangursríkar forvarnir þurfa að:

1. Byggja á **niðurstöðum rannsókna og fagmennsku** þeirra sem sinna þeim,
2. Vera **aldursviðeigandi** fyrir hópinn sem um ræðir,
3. Beinast að því að byggja upp **seiglu og félags- og tilfinningafærni** ungmenna,
4. **Einskorðast ekki við stök erindi**, svo sem fræðslufyrirlestra eða erindi á sal.
5. **Halda börnum virkum í námi** – vinna markvisst með skólasókn, bekkjastjórnun, stuðning við jákvæða hegðun og forðast útilokandi aðferðir í skólastarfi.
6. **Tengsl við traustan fullorðinn aðila** – vinna kerfisbundið að því að kortleggja og efla félagstengsl, einkum meðal þeirra sem hafa veik tengsl við skólafélaga og starfsfólk.
7. **Kenna félags- og tilfinningafærni** – markviss kennsla félags- og tilfinningafærni eflir tilfinningastjórn barna og ungmenna, stuðlar að aukinni færni í að skilja eigin tilfinningar og annarra, setja sig í spor annarra, sýna samkennd og taka ábyrgar ákvarðanir.
8. **Áhersla á áhættustaði og -tíma** - kortleggja í samráði við börn og starfsfólk hvar og hvenær ofbeldi á sér helst stað og innleiða fyrirbyggjandi aðgerðir fyrir þau svæði og tíma.
9. **Varast órannsakaðar aðferðir** – verja ekki dýrmætum tíma, fé og aðföngum í eitthvað sem er óvísst hvort beri árangur og umfram allt að valda ekki skaða.



Almennt starf – grunnur að forvörnum

Svo sem:

- Miðstöðvar
- Skóla- og frístundastarf
- Barnavernd
- Íþróttá- og tómstundastarf
- Hitt húsið
- Keðjan
- Verkefnastjóri foreldrasamstarfs
- Flotinn
- Senter
- Lögreglan
- o.fl.



Nokkrar stefnur Reykjavíkurborgar sem beinast beint að börnum og unglingum

- Velferðastefna Reykjavíkurborgar til 2023
- Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2023
- Stefna í íþróttamálum Reykjavíkur til 2030
- Stefna um frístundþjónustu í Reykjavík til 2025
- Menningarstefna Reykjavíkurborgar til 2030
- Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar
- Lýðheilsustefna Reykjavíkur til 2030
 - **Forvarnaráætlun barna og ungmenna 2024-2026**



Lýðheilsustefna:

Sérstök áhersla á verndandi þætti gegn áhættuhegðun barna og unglunga


- Samveru fjölskyldunnar og foreldrastuðning
- Þátttöku í skipulögðu íþrótta- og frístundastarfi
- Almenna virkni barna og unglunga út frá eigin styrkleikum
- Félagsfærni, sjálfsvirðingu og virðingu fyrir öðrum
- Stuðningur við ungmenni með fjölpættan vanda vegna vímuefnanotkunar og/eða áfallasögu
- Samvinnu lykilaðila í nærumhverfi, s.s. skóla, frístundastarfs, þjónustumiðstöðva, foreldrafélaga, lögreglu, heilsugæslu, íþróttafélaga o.fl.
- Samstöðu um að virða útivistartíma (og önnur lög sem snúa að börnum og unglungum)
- Jákvæð lífsgildi og heilbrigðan lífsstíl
- Snemmtæka íhlutun
- Skaðaminnkun



Forvarnaráætlun & forvarnarteymi Rvk

Forvarnarfulltrúi
Reykjavíkurborgar er
starfsmaður Betri borgar
fyrir börn og MÍR

Velferðasviðs, skóla- og
frístundasviðs og
menningar- og íþróttasviðs





• Unnið með umhverfi barna og ungmenna þannig að þau læri að sýna umhyggju, samkennd og bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Börn og ungmenni fái notið mannréttinda og séu öll samþykkt sem jafngildir einstaklingar án tillits til uppruna, þjóðemis, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, lífs- og stjórnmálaskoðana, trúleysis, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kynþjáningar, kyneinkenna, aldurs, fótunar, holdafars, líkamsgerðar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu.

Fögnum fjölbreytileikanum

Góð líðan

• Með góðri líðan, andlegri og líkamlegri, er átt við að styðja börn og ungmenni til heilbrigðs lífsstíls. Góður og reglulegur svefn, regluleg hreyfing og hollt mataræði er grunnvöllur að góðri líðan



• Fjölmargir þættir hafa verndandi áhrif á börn og unglinga gegn áhættu hegðun; samvera með foreldrum, þátttaka í skipulögðu frístundastarfi, útvistartíminn sé virtur, foreldrar þekki vini barna sinna og forelda þeirra. Jákvæð samskipti, góð samskiptafærni.

Verndandi þættir og jákvæð samskipti

Höfnum ofbeldi

• Ofbeldi gegn börnum og ungmennum getur t.d. verið líkamlegt, andlegt og/eða kynferðislegt. Visbendingar eru um að ofbeldi í margvíslegri mynd hafi aukist innan ungmennahópa á undanföllum árum. Mikilvægt að skilaboð séu skýr um að hafna öllu ofbeldi.



Forvarnarhjólið – áherslur í forvörnum



Aðgerðir forvarnaráætlunar

- **A: Fögnum fjölbreytileikanum**

- **A.1. Regnbogavottun**
- A.2. Fræðsla um menningarnæmi og fjölbreytileika samfélagsins
- A.3. Fræðsla um líf fatlaðra barna og ungmenna
- A.4. Kynna menningarstofnanir borgarinnar sérstaklega fyrir fjöltyngdum börnum, ungmennum og fjölskyldum

- **B: Góð líðan**

- **B.1. Góður og reglulegur svefn barna og unglina.**
- **B.2. Hvetja börn og ungmenni til að stunda daglega hreyfingu**
- **B.3. Holt mataræði**
- **B.4. Efla þátttöku í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi**
- B.5. Vinna með líkamsvirðingu
- B.6. Betri líðan 16 -18 ára (Heilbriggt líferni og styrking félagslegra tengsla)
- B.7. Aukin áhersla á geðrækt og félagsfærni

- **C: Höfnum ofbeldi**

- **C.1. Vinna gegn einelti**
- **C.2. Gegn ofbeldi**
- **C.3. Vinna gegn kynferðislegu ofbeldi**
- C.4. Samfélag gegn stafrænu ofbeldi

- **D: Verndandi þættir og jákvæð samskipti**

- D.1. Samstarfsnet innan borgarhluta
- D.2. Forvarnaráætlanir miðstöðva í hverfum borgarinnar
- **D.3. Forvarnaráætlanir grunnskóla útvíkkaðar og samræmda**
- D.4. Unnið gegn brotthvarfi úr grunn- og framhaldsskólum
- **D.5. Samstarf við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu**
- **D.6. Innleiðing á alhliða kynfræðslu í öllum grunnskólum**
- **D.7. Virkja foreldra í foreldrasamstarfi**
- **D.8. Nýsköpun í foreldrasamstarfi**
- **D.9. Hverfa- og samfélagslöggæsla - Samstarf miðstöðva**



C

Höfnum
ofbeldi

C1

Vinna gegn
einelti

C2

Gegn ofbeldi

C3

Vinna gegn
kynferðislegu
ofbeldi

C4

Samfélag
gegn stafrænu
ofbeldi



Höfnum
ofbeldi

C1

Vinna gegn
einelti

Aðgerð

Uppfærsla á gátlista gegn einelti og öðru efni á vegum teymis SFS um Vinsamlegt samfélag, með tilliti til farsældarlaganna og Betri borgar fyrir börn. Gátlisti, verkferlar og annað efni verði aðgengilegt á heimasíðu borgarinnar og vakin athygli á því árlega meðal stjórnenda í skóla- og frístundastarfi

Mælikvarði: Uppfært komið á heimasíðu borgarinnar fyrir lok skólaárs 2024 – 2025.
Ábyrgð: SFS. Samstarfsaðilar: Miðstöðvar, MÍR og verkefnastjórar farsældar barna.



C

Höfnum
ofbeldi

C2


Gegn ofbeldi

Aðgerð

Efling á samstarfi við lögreglu og barnavernd í anda verkefnisins, „Samstarfsyfirlýsing um börn í viðkvæmri stöðu“, tilraunaverkefni með samstarfsstofnunum í Breiðholti út frá nýju verklagi vegna barna í viðkvæmri stöðu

Mælikvarði: Að verkefnið verði innleitt í önnur hverfi fyrir lok árs 2025.

Ábyrgð: Suðurmistöð. Samstarfsaðilar: SFS, VEL, Flotinn, Barnavernd, Lögreglan, Heilsugæslan, Framhaldsskólar..



Höfnum
ofbeldi

C3

Vinna gegn
kynferðislegu
ofbeldi

Aðgerð

Ráðgjafateymi um kynferðisofbeldi í skóla- og frístundastarfi verði stækkað og fulltrúar úr hverri miðstöð sitji í teyminu. Til verði teymi innan hvernar miðstöðvar sem síðan nýtur stuðnings ráðgjafateymis sem starfar þvert á borgina með sérhæfðri ráðgjöf frá Jafnréttisskólanum. Markmiðið er að auka þekkingu fleiri aðila á vettvangi og möguleikana á því að í hverri miðstöð verði hægt að bregðast fljótt við málum sem upp koma

Mælikvarði: Að teymið verði stækkað fyrir árslok 2023. Að fulltrúar teymis/fagaðilar á hverri miðstöð geti brugðist strax við málum sem upp koma og leitað stuðnings frá ráðgjafateyminu og Jafnréttisskólanum innan tveggja vikna frá tilkynningu.

Ábyrgð: Miðstöðvar – deildarstjóri B&F. Samstarfsaðilar: Jafnréttisskóli SFS,



C4

Samfélag
gegn stafrænu
ofbeldi

Aðgerð

Setja á laggirnar miðlægt samfélagsmiðlateymi sem byggir á reynslu starfsfólks félagsmiðstöðva í samvinnu við ungmenni. Hlutverk teymisins er að koma upplýsingum, tilboðum um þjónustu og fræðslu á framfæri með nýstárlegum og skemmtilegum hætti til viðeigandi markhópa s.s. barna, ungmenna og foreldra. Einnig að vakta umræðu á netinu og bregðast við henni með fræðslu og öðrum viðeigandi hætti. Gera þarf ráð fyrir breytingum á störfum og leitað eftir þekkingu á notkun samfélagsmiðla. Samfélagsmiðlateymi fer reglulega í átak gegn fordómum og ofbeldi í samvinnu við fyrirmyndir og áhrifavalda á Tiktok og öðrum samfélagsmiðlum. Skipaður sé bakhópur teymisins til stuðnings.

Mælikvarði: Að samfélagsmiðlateymi sé komið á fyrir lok 2024.

Ábyrgð: Frístundamiðstöðin Miðberg. Samstarfsaðilar: Miðstöðvar, ungmennaráð, Hitt Húsið, Lögreglan.



Farsældarlög – samstarf – samþætting

- Snemmtækur stuðningur
 - Tengiliðir
 - Lausnaleit
 - Lausnateymi
 - Nemendaverndarráð
 - Málstjórar
 - Stigskipt þjónusta
- Þjónustuveitendur tali saman
 - Samþætt þjónusta sem foreldrar eða barn óska eftir
- Stuðningsáætlun og stuðningsteymi



Hópar sem eru starfandi sem lúta sérstaklega að ofbeldi barna

- Forvarnarteymi grunnskólanna (þingsályktun) meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreiti
- Ráðgjafa- og viðbragðsteymi um óæskilega kynferðislega hegðun barna og ungmenna í skóla og frístundastarfi
- Aðgerðarhópur um ofbeldi meðal barna og gegn börnum- skv erindisbréfi frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu
 - Hlutverk hópsins: vinna að heildstæðri innleiðingu á framkvæmd 25 aðgerða
 - Margir vinnuhópar að störfum



Verkefni sem beinast beint að ofbeldismálum

- Verið að taka saman verkefni sem nýtast til að bregðast við ofbeldi og sem nýtast sem fræðsla inn í skóla
- Forvarnateymi grunnskólanna (þingsályktun) meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreiti
- Ráðgjafa- og viðbragðsteymi um óæskilega kynferðislega hegðun barna og ungmenna í skóla og frístundastarfi
- Hringekja – fræðsla fyrir nemendur og foreldra þeirra
- Saman gegn ofbeldi
- Samstarfsyfirlýsing vegna barna í viðkvæmri stöðu
- Verkferlar þegar upp koma ofbeldismál
- Fræðsla lögreglunar inn í grunn- og framhaldsskóla
- Bráðamál – mál sem fara samstundis í vinnslu hjá miðstöðvum, ss vegna ofbeldis, áfalla ...
- Greining á hópum og úrræðum fyrir börn og unglunga



Reykjavík